



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Alþingi
b.t. fjárlaganefndar og efnahags- og
viðskiptanefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Arnarhvoli 101 Reykjavík

sími: 545 9200 postur@fjr.is

fjr.is

Reykjavík 10. febrúar 2022

Tilv.: FJR22010105/11.4.5

Efni: Greinargerð um áformaða sölumeðferð á eignarhlutum Íslandsbanka hf.

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur borist tillaga frá Bankasýslu ríkisins, dags. 20. janúar, um sölu eignarhlutar í Íslandsbanka hf. í samræmi við ákvæði laga um Bankasýslu ríkisins nr. 88/2009 og laga um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum nr. 155/2012. Fallist hefur verið á tillögu stofnunarinnar um sölu eignarhlutar í bankanum, sbr. 2. gr. hinna síðarnefndu laga og hefur sú ákvörðun verið kynnt fyrir ráðherranefnd um ríkisfjármál og ríkisstjórn.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 155/2012 hefur verið útbúin greinargerð um ráðgerða sölumeðferð sem er hér með lögð fyrir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Í greinargerðinni koma fram upplýsingar um helstu markmið með sölu eignarhlutarins, hvaða söluaðferð verði beitt og hvernig sölumeðferð verði háttáð að öðru leyti. Fylgiskjöl með greinargerðinni eru tillaga Bankasýslu ríkisins og minnisblað stofnunarinnar um málið.

Í eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki frá febrúar 2020 eru sett fram markmið um sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Þar segir að ásætlanleg skilyrði skuli vera fyrir hendi áður en eignarhlutur er seldur, að gæta skuli að langtímahagsmunum ríkissjóðs að teknu tilliti til áhættu og að stuðlað skuli að heilbrigðu eignarhaldi til lengri tíma. Ennfremur segir í eigandastefnunni að stuðlað skuli að því að efla og styrkja samkeppni á fjármálamarkaði og að íslensk fjármálafyrirtæki verði til framtíðar í fjölbreyttu, heilbrigðu og dreifðu eignarhaldi.

Óskað hefur verið eftir umsögn frá Seðlabanka Íslands um „jafnræði bjóðenda, líkleg áhrif sölu á gjaldeyrismarkað, gjaldeyrisforða og laust fé í umferð“, sbr. 2. gr. laga nr. 155/2012. Verður umsögn bankans komið til nefndanna um leið og hún liggur fyrir.

Með bréfi þessu er óskað umsagnar fjárlaganefndar og efnahags- og viðskiptanefndar um greinargerðina liggja fyrir eigi síðar en þann 2. mars 2022.

Þegar umsagnir nefndanna og Seðlabanka Íslands liggja fyrir verður tekin endanleg ákvörðun um hvort sölumeðferð eignarhlutarins verði hafin í samræmi við efni greinargerðarinnar. Lögum samkvæmt getur ráðherra í ákvörðun sinni gert breytingar á einstökum þáttum í fyrirhugaðri

sölumeðferð, m.a. að teknu tilliti til athugasemda fjárlaganefndar eða efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis við greinargerðina.

Fyrir hönd ráðherra

Bjarni Benediktsson

Guðmundur Árnason

Fylgiskj.: Greinargerð ásamt fylgiskjólum.